

Mál nr. 18/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vinnuveitanda

Vinnuslys þann 1. júlí 2005, meiðsl á auga.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.01. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.02. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M vann við að losa rafmagnsdós úr vegg til að geta tengt tengla tveggja samliggjandi rafmagnsdósa. Hann mun hafa gripið um með svokallaðri spóatöng í dósina en ekki vildi betur til en svo að töngin skaust í auga hans þannig að meiðsl hlutust af.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Ekki hafi verið sýnt fram á vanrækslu fyrirtækisins. Félagið vísað m.a. til þess að Vinnueftirlit ríkisins láti þess getið að ekki hafi verið skorið úr rafmagnsdósinni sem M var að losa og að það hafi verið orsök slyssins. Vinnueftirlitið taki ekki afstöðu til þess hvort um vanbúnað hafi verið að ræða. Félagið telur að M hafi notað verkfæri sem algengt sé að nota við þessar aðstæður, þrátt fyrir umfjöllun vinnueftirlitsins um það. Félagið telur að skaðabótaskylda verði ekki byggð á því að verkfæri þau sem M hafi notast við hafi ekki hentað til verksins. Það telur að starf M hafi verið ”einfalt og hættulítið”. M hafi togað í dósina af ”þvílíku afli að hann missti takið á henni og kippti tönginni að sér með þeim afleiðingum að hún lenti í auga hans”. Rekja megi slysið til óhappatilviljunar og eigin gáleysis M. Engin atvik liggi fyrir í málinu sem geti felld sök á vátryggingartaka eða starfsmenn hans.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu vátryggingartaka. Tjónsatburð máls þessa virðist fyrst og fremst mega rekja til óhappatilviljunar og verklags M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á greiðslu bóta úr þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Skaðabótaskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. febrúar 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.